

[Sjá bls. 503.]

Að auki var ákærði dæmdur til 3 mánaða fangelsisvistar 24. fyrra mánaðar í sakadómi Reykjavíkur fyrir þjófnað og var sá dómur hegningarauki.

Refsingu ákærða ber að ákveða samkvæmt 71., 72. og 78. gr. almennra hegningarlaga og telst hún hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ævilangt rétti til þess að öðlast ökuréttindi.

Ákærða ber og að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallbjörn Einar Guðjónsson, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði er ævilangt sviptur rétti til þess að öðlast ökuréttindi frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í málinu.

Þriðjudaginn 11. mars 1986.

Nr. 88/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Sumarliða Óskari Arnórssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Með kæru 4. þ.m., er barst Hæstarétti 6. þ.m., hefur varnaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur uppkveðinn 4. þ.m. en með honum synjaði dómurinn kröfu varnaraðila um að hann yrði leystur úr gæsluvarðhaldi er hann sætir samkvæmt úrskurði dómsins 20. f.m. Krefst varnaraðili þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og varnaraðili leystur úr gæsluvarðhaldi. Í greinargerð réttargæslumanns varnaraðila, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmans, er þess einnig krafist að málatilbúnaður af hálfu

Rannsóknarlögreglu ríkisins verði víttur, svo og sú málsmeðferð fulltrúa yfirsakadómara að synja honum um aðgang að skjölum málsins í þinghaldi 3. mars.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Svo sem fyrr greinir var varnaraðili úrskurðaður 20. febrúar til þess að sæta gæsluvarðhaldi til 12. mars, og var kæru til Hæstaréttar á þeim úrskurði vísað frá Hæstarétti með dómi 28. febrúar. Hinn 3. þ.m. gerði réttargæslumaður varnaraðila þá kröfu fyrir sakadómi að varnaraðili yrði látinn laus. Skv. 66. gr. laga nr. 74/1974 var dómara þá heimilt að taka ákvörðun um að varnaraðili yrði látinn laus og þykir hann hafa mátt taka afstöðu til kröfu réttargæslumannsins með úrskurði. Verður hinn kærði úrskurður því tekinn til efnismeðferðar.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Ekki eru efni til að taka til greina kröfur réttargæslumanns varnaraðila um vítur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. mars 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 4. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Með bréfi dagsettu 1. þ.m. fór Haraldur Blöndal hrl. þess á leit að skjólstæðingur hans, Sumarliði Óskar Arnórsson, Skeljagrandi 4, Reykjavík, yrði þegar í stað látinn laus úr gæsluvarðhaldi því er honum var gert að sæta skv. úrskurði þessa dóms uppkveðnum 19. febrúar sl. Samkvæmt þeim úrskurði var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 12. mars 1986 kl. 17:00. Úrskurður þessi var kærður til Hæstaréttar, en kærumálinu var vísað frá Hæstarétti ex officio hinn 28. f.m.

Kröfu þá sem hér er til úrlausnar byggir lögmaðurinn á heimild í 66. gr. laga nr. 74/1974, en ástæður kröfunnar kveður hann þessar:

1. Rannsókn máls þess, er skjólstæðingur hans er borinn sökum í, hefur miðað vel áfram svo að nú er engin ástæða til að halda skjólstæðingi hans í varðhaldi.

2. Ekkert bendir til þess að skjólstaðingur hans hyggist eða hafi reynt að torvelða rannsókn málsins. Hann hefur þvert á móti lagt sig fram um að upplýsa þau atriði í rannsókninni sem beinist að honum.

3. Nákvæm frásögn af rannsókn máls þessa hafi birst í Helgarpóstinum hinn 27. f.m. og því sé engin rannsóknarleynd yfir málinu, en þeir sem hugsanlega hafi átt að hafa samband við til að hagræða framburðum eða skjóta undan sönnunargögnum viti nú nákvæmlega um hvað málið snýst og geti hagað sér samkvæmt því.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur lagt fram greinargerð vegna þessarar kröfu Haralds Blöndals hrl. Þar segir að af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins séu ekki talin efni til að verða við fyrrnefndri kröfu lögmannsins. Því sé þess krafist að dómurinn hafni henni. Svo sem rannsóknargögn málsins beri með sér sé rannsóknin orðin umfangsmeiri en var við uppkvaðningu gæsluvarðhaldsúrskurðarins og beinist einnig að fleiri kæruatriðum en þá var. Lagaskilyrði gæsluvarðhalds séu því enn fyllilega fyrir hendi, sbr. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Þegar rannsóknargögn málsins eru virt er ljóst að þótt rannsókn málsins miði vel áfram, þá er umfang hennar slíkt að ekki verður séð að þær ástæður séu fyrir hendi er réttlæti að kærði verði látinn laus úr gæsluvarðhaldi nú þegar. Ber því að hafna kröfu Haralds Blöndals hrl. þar að lútandi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Haralds Blöndals hrl. um að Sumarliði Óskar Arnórsson skuli þegar í stað látinn laus úr gæsluvarðhaldi er hafnað.

Þriðjudaginn 11. mars 1986.

Nr. 89/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Arnóri Vikari Arnórssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.